

AUGLÝSING
(VIII) um staðfestingu reglna sveitarfélaga
um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 999 frá 17. desember 2010 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2010/2011 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélagi:

Ísafjarðarbær.

Ákvæði reglugerðar nr. 999 frá 17. desember 2010 gilda um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiársins 2010/2011 fyrir byggðarlagið *Flateyri* í Ísafjarðarbæ með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) a-liður 1. gr. breytist þannig: Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006 eða frístundaveiðileyfi skv. 2. tl. 4. mgr. 6. gr. sömu laga, við lok umsóknarfrests.
- b) c-liður 1. gr. fellur niður.
- c) Ákvæði 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: ... miðað við landaðan afla í þorskígildum talið, innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2009 til 31. ágúst 2010. ... o.s.frv.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 11. apríl 2011.

F. h. r.
Arndís Á. Steinþórsdóttir.

Hulda Lilliendahl.